



Reykjavík, 21. nóvember 2013

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upptöku gæðamerkisins „broskarlsins“ – þingmál nr. 58

Vísað er til erindis frá nefndarsviði Alþingis þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um þingsályktunartillögu um upptöku gæðamerkisins „broskarlsins“, þingmál nr. 58.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) þakkar fyrir að fá málið til umsagnar og hefur farið yfir þingsályktunartillöguna og er umsögn þess eftirfarandi.

Í þingsályktunartillögunni er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra falið að undirbúa gerð lagafrumvarps í samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, svo unnt verði að taka upp gæðamerkið „broskarlinn“ hjá fyrirtækjum sem selja matvæli.

HER tekur jákvætt í allar raunhæfar hugmyndir og til þess fallnar að upplýsa almenning m.t.t. öryggis hans þ.á.m. matvælaöryggi.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að tekið verði upp „broskarlakerfi“ sem hefur verið notað í Danmörku. Í stuttu máli er þar um að ræða kerfi sem gefur ákveðnum tegundum matvælafyrirtækja skor eða einkunn fyrir það hversu vel, eða illa, þau eru að standa sig í að mæta ákveðnum kröfum matvælalöggjafarinnar á ákveðnum tímamarki. Einkunnin er síðan gerð aðgengileg almenningi bæði á vef Matvælaeftirlitsins sem og í fyrirtækjunum sjálfum, því þeim er skylt að sýna einkunnina við inngang fyrirtækisins eða á áberandi stað innan þess. Einkunnin er gefin í formi fjögurra mismunandi broskarla sem eru mishamingjusamir, allt eftir því hvernig fyrirtækin eru að standa sig. Síðustu fjórar einkunnir eða broskarlar, sem fyrirtækið hefur fengið, eru síðan birtir á einkunnablaðinu ásamt stuttum úrdrætti úr skýrslu eftirlitsins.

Fram kemur í greinargerð með tillögunni að markmiðið með broskarlakerfinu sé að gera eftirlitsskýrslur heilbrigðisfulltrúa opinberar þannig að neytendur séu upplýstir um ástand veitingastaða, ísbúða, bakaría og annara staða sem að selja matvæli. Á öðrum stað er sagt að það sé til þess fallið að auka tiltrú almennings á eftirlitinu.

Hér gætir ákveðins misskilnings. Markmiðið með kerfinu er ekki að gera skýrslur heilbrigðisfulltrúa opinberar heldur er eins og áður segir um að ræða frammistöðumatskerfi, sem mælir á ákveðnum forsendum árangur fyrirtækjanna í að uppfylla hluta af kröfum matvælalöggjafarinnar. Ekki er um það að ræða að eftirlitsskýrslur séu birtar í heild sinni, heldur er birtur úrdráttur eða samantekt úr ákveðnum hluta eftirlitsins og niðurstöðurnar síðan túlkaðar á einkunnarkvarða. Rétt er að taka það fram í þessu samhengi að niðurstöður eftirlits og eftirlitsskýrslur á Íslandi eru opinberar í dag í samræmi við upplýsingalög. Einnig er misskilningur að kerfinu sé ætlað að auka tiltrú almennings á



eftirliti heldur er tilgangurinn að auka upplýsingar til almennings sem síðan getur ákveðið sig af hvaða matvælafyrirtækjum hann ákveður að kaupa þjónustu af.

Kostur við einkunnakerfi sem þetta er að opinber birting á frammistöðu fyrirtækjanna veitir þeim aukið aðhald. Niðurstöður eftirlitsins (a.m.k. hluta þess) verða sýnilegar, sem er ein af mögulegum aðferðum til að gera eftirlitið gagnsærra eins og kveðið er á um í löggjöfinni. Mögulega eykur það einnig traust og tiltrú neytenda á fyrirtækjunum en þau bera óskoraða ábyrgð á sinni starfsemi og að matvæli sem þau dreifa séu örugg.

HER er ekki kunnugt um að önnur lönd en Danmörk hafi tekið upp sambærilegt einkunnakerfi fyrir matvælafyrirtæki. Í fáeinum öðrum löndum hafa verið gerðar tilraunir með slík kerfi í ákveðnum sveitarfélögum. Gerð var tilraun í Svíþjóð með slíkt verkefni en það var síðan aflagt. Í ákveðnum hluta Noregs er tilraunaverkefni í gangi um notkun broskarlakerfis á veitingastöðum og í Bretlandi stendur sveitarfélögum til boða að taka upp einkunnakerfi fyrir matvælafyrirtæki en ekki er skylda að það sé starfrækt í öllum sveitarfélögum. HER er einnig kunnugt um að í Kanada t.d. í Toronto er verið að nota einkunnakerfi fyrir matvælafyrirtæki. Í Englandi er einkunnin gefin á tölulegum kvarða, frá 1-5 og svipað fyrirkomulag er í Toronto.

Til þess að hægt sé að starfrækja slíkt kerfi verður að vera til staðar gott upplýsingakerfi sem vinnur úr og dregur saman niðurstöður eftirlitsins og birtir þær síðan á einföldu og skiljanlegu formi. Það þarf jafnframt að geta vistað niðurstöðurnar, svo hægt sé að miðla upplýsingum um frammistöðu einstakra fyrirtækja á vefnum. Skýrt þarf að vera hvað er haft eftirlit með og slíkt eftirlitskerfi kallar á notkun gátlista með bæði kostum og göllum. Tryggja þarf samræmt mat eins og frekast er kostur þannig að gætt sé jafnræðis milli fyrirtækja en vísbendingar eru um að slíkt sé ekki alltaf gert þegar niðurstöður í danska broskarlakerfinu eru skoðaðar.

Í tillögunni er lagt til að hér á landi verði broskarlakerfi tekið upp hjá þeim fyrirtækjum sem selja matvæli en ekki er skýrt nánar hvað við er átt. Er eingöngu verið að ræða um veitingastaði og smásöluverslanir eða er einnig verið að tala um heildsölur með matvæli og önnur fyrirtæki sem að selja mat? Þetta þarfnast nánari skýringar.

Eitt af því sem einnig þarf að skoða ið upptöku á slíku kerfi, er hvort það eigi eingöngu að taka til matvælahluta heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga eða hvort það eigi líka að taka til alls eftirlits heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga með matvælafyrirtækinu. Hér er átt við hvort meta ætti líka frammistöðu fyrirtækisins í að uppylla aðra löggjöf, sem um starfsemina gilda og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga framfylgja. Ekkert matvælafyrirtæki er undanþegið að fara að hollustuháttalöggjöf og/eða mengunarvarnalöggjöf.

Mikilvægt er að um slíkt kerfi sé góð samstaða, það vel kynnt og að öll upplýsingamiðlun sé góð, bæði fyrir neytendur og matvælafyrirtækin.

Það sem helst hefur verið gagnrýnt varðandi slík kerfi er m.a. að einkunnin sýni aðeins niðurstöður eftirlits á þeim tímapunkti sem eftirlitið er framkvæmt og að það segi í reynd ekkert um frammistöðu fyrirtækisins á öðrum tímapunktum, t.d. 2 mánuðum síðar. Þannig gæti kerfið verið að gefa neytendanum falskt öryggi. Hvernig bregst síðan neytandinn við ef í ljós kemur alvarlegt vandamál t.d. matarsýking sem rekja má til fyrirtækis sem fengið hefur glaðasta broskarlíni í síðasta eftirliti og



hvernig treystir neytandinn einkunnargjöf og matvælafyrirtækjum eftir það? Einnig hefur verið gagnrýnt að kerfið kalli á mikla notkun gátlista. Gátlistar eru mikil einföldun á því hvað er skoðaða og felst í heilbrigðiseftirliti. Gagnrýnt hefur verið að þetta hafi leitt til þess að heilbrigðisfulltrúum sé ætlaður of lítill tími til að framkvæma eftirlitið og að þá gefist ekki tími til að sinna öðrum mikilvægum þáttum eftirlitsins, sem ekki fellur beint undir gátlistann s.s. leiðbeiningum og fræðslu til eftirlitsþega og heilbrigðiseftirlitinu er skylt að veita. Jafnframt þarf að huga að atriðum eins og trúnaðarupplýsingum og að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum sé ekki miðlað. Þá þarf að meta hvort að starfræksla slíks einkunnakerfis sé ekki örugglega í samræmi við íslenska stjórnsýslulöggjöf, hvað varðar rannsóknareglu, að gætt sé meðalhófs og jafnræðis og að andmæla- og kæruréttur eftirlitsþega sé virtur.

Huga þarf að því ef úr verður, hvort að taka ætti upp slíkt kerfi á landsvísu eða prófa það fyrst í ákveðnum landshluta eða sveitarfélagi.

Ljóst er að ef tekið verður upp slíkt einkunna- og upplýsingakerfi að því mun fylgja mikill kostnaður, bæði uppsetningarkostnaður og síðan rekstrarkostnaður og kostnaður vegna viðhalds kerfisins. Taka þarf ákvörðun um það hver á að bera þann kostnað. Er eftirlitinu heimilt að bæta þeim kostnaði ofan á eftirlitsgjöld sem fyrirtækin greiða eða eiga ríki eða sveitarfélög að bera þennan kostnað að hluta eða að öllu leiti? Hafa þarf í huga að í Danmörku og okkar nágrannalöndum er allt annað fyrirkomulag hvað varðar gjaldtöku fyrir eftirlitið en hér á landi. Þar greiða fyrirtækin ekki gjald fyrir reglubundið eftirlit eins og hér.

HER telur að mikilvægt, að áður en ákvörðun er tekin um að taka upp slíkt skor- eða einkunnakerfi hér á landi að skoðaðir verði kostir og gallar við slíkt kerfi svo við þurfum ekki að endurtaka mistök annara og leggur því til að til að tillögunni verði breytt þannig að ráðherra verði falið að skoða kosti og galla þess að taka um skorkerfi svipað og broskarlakerfið í Danmörku og ef niðurstaðan er jákvæð að þá skuli ráðherra leggja fram frumvarp um upptöku slíks kerfis .

Niðurstaða

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er jákvætt gagnvart því að skoðaðir verði kostir og gallar þess að taka upp einhverskonar frammistöðumatskerfi eða einkunnakerfi, þar sem gerð er tilraun til að meta „frammistöðu“ ákveðinna matvælafyrirtækja í að uppfylla kröfur sem að löggjöfin gerir til starfseminnar og sem að heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga er ætlað að hafa eftirlit. Hins vegar þarf að liggja skýrt fyrir hver ber kostnað við uppsetningu, viðhalds og annars rekstrarkostnaðar. Þetta á einnig við gagnvart fyrirtækjunum .

Virðingarfyllt,

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Óskar Ísfeld Sigurðsson
deildarstjóri matvælaeftirlits

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri